



FLE fréttir

22. janúar 2025

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 1 / 2025



Kæru félagsmenn,

Líkt og áður er ýmislegt um að vera hjá félaginu og margt fram undan. Auk námskeiðshalds og vinnu við hagsmunagæslu má þar nefna skipulagningu utanlandsferðar (sjá nánar að neðan) en eins og félagsmenn margir vita verður félagið 90 ára í sumar og er tilvalið að fagna með því að skella sér í ferð saman en nú eru að verða sjö ár liðin frá því að félagsmenn fóru í vel heppnaða og skemmtilega ferð til Brussel. Að þessu sinni ætlum við að fara til [Tarragona](#) á Spáni í 2. viku október.



Við minnum félagsmenn á að við munum í lok þessa mánaðar senda [endurskoðendaráði](#) yfirlit um endurmenntun en þriggja ára endurmenntunartímabili margra endurskoðenda lauk nú um áramótin. Það er því um að gera fyrir þá félagsmenn að kíkja í [endurmenntunarbúnaðinn](#) og ganga úr skugga um að öll endurmenntun árána 2022-2024 sé skráð. Tekið skal fram að við á skrifstofunni sjáum um að skrá einingar fyrir viðburði sem félagsmenn sækja hjá FLE. Reglugerð um endurmenntun endurskoðenda má nálgast [hér](#). Leiðbeiningar FLE um skráningu endurmenntunareininga er að finna [hér](#).

Bestu kveðjur,

Unnar og Sirrý

Hagsmunagæsla

Hagsmunagæsla er mikilvægur þáttur í starfsemi félagsamtaka eins og FLE. Við hvetjum félagsmenn til að koma ábendingum til okkar um atriði sem varða starfsumhverfi stéttarinnar og þar sem FLE getur beitt sér, t.d. með því að koma athugasemdum á framfæri við stjórnvöld. FLE hefur verið að vinna að nokkrum málum sem varða hagsmunagæslu.

Nýliðun

Eitt brýnasta hagsmunamál félagsins er að stuðla að nýliðun í stéttinni og fá fleira fólk til að leggja fyrir sig endurskoðun. [Rannsókn](#) Valdimars Sigurðssonar um það hvernig laða megi að hæfileikaríkt fólk miðar vel en á grunni niðurstaðna hans hyggst félagið fara í markvissa markaðssetningu á faginu. Við höfum um leið reynt að ná beint til nemenda með því að fara í [heimsókn í háskóla](#) en næst á dagskrá er að mæta til leiks á [framadögum](#) sem haldnir verða í Háskólanum í Reykjavík í febrúar. Loks má geta þess að Valdimari og Unnari framkvæmdastjóra var á dögnum boðið í [útvarpsviðtal](#) á RÚV þar sem rætt var um rannsókn Valdimars og störf endurskoðenda. Viðtalið, sem var í þættinum Samfélagið, má nálgast [hér](#). Það hefst á 3. mínútu.

Samstarf við reikningsskilaráð

Reikningsskilaráð var nýlega [endurskipað til næstu fjögurra ára](#). Samkvæmt lögum um ársreikninga getur reikningsskilaráð verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil og er tekið fram í lögum að ráðið skuli starfa í nánú samráði við FLE. Í síðustu viku hittust fulltrúar reikningsskilaráðs og reikningsskilanefndar FLE. Á fundinum var ákveðið að stofna [sameiginlegan vinnuhóp](#) reikningsskilaráðs og FLE sem hafi það hlutverk að rýna lög um ársreikninga og koma tillögum til úrbóta á lögum áleiðis til stjórnvalda. Nánari upplýsingar um hlutverk og störf reikningsskilaráðs er að finna á [heimasíðu](#) ráðsins.

Lögfræðiálit vegna áritunar ríkisendurskoðanda

Sem kunnugt er hóf ríkisendurskoðandi á síðasta ári að árita einn ársreikninga félaga í meirihluta eigu ríkisins sem falla undir lög um ársreikninga og eru endurskoðunarskyld. Á fyrri árum var að finna tvær áritanir í ársreikningum þessara félaga, annars vegar áritun óháðs endurskoðanda og hins vegar áritun frá ríkisendurskoðanda þar sem rætt er um húsbóndaábyrgð hans. Ríkisendurskoðandi er ekki löggiltur endurskoðandi. [Hér](#) má lesa nánar um málið og viðbrögð FLE en það var mat stjórnar félagsins að þetta fengist ekki staðist. Síðastliðið haust ákvað félagið að leita til lögmannsstofu og verða niðurstöður lögfræðiálits gerðar opinberar fljótlega og næstu skref félagsins í málinu ákveðin.

Utanlandsferð - Tarragona

Margir félagsmenn hafa komið að máli við okkur á skrifstofunni og spurt hvort ekki sé tímabært að fara saman í utanlandsferð en í haust verða liðin sjö ár frá því félagsmenn fóru í mjög vel heppnaða ferð til Brussel.

Við á skrifstofunni höfum brugðist við þessu ákalli félagsmanna og er ferðinni heitið til Tarragona á Spáni 10. til 13. október (fös. – mán.). Flogið verður beint til Barcelona og svo tekur við rútuferð suður til Tarragona sem tekur um klukkustund.

Skipulagning ferðarinnar er langt komin og innan skamms verður opnað fyrir skráningu og kynningarfundur haldinn á Teams en félagsmenn eru hvattir til að taka dagana frá í dagatalinu! Sjá nánar [hér](#).

Tiltektar- og viðhaldsdagur í Reykjadal

Í Reykjadal í Mosfellsdal eru reknar sumarbúðir fyrir fötluð börn og ungmenni. Við ætlum að endurtaka leikinn frá því í fyrra og taka að okkur að gera allt klárt fyrir opnun sumarbúðanna en starfsemin þar hefst 26. maí. Tiltektar- og viðhaldsdagurinn verður haldinn 15. maí. Á síðasta ári tóku tæplega 30 endurskoðendur og aðrir starfsmenn endurskoðunarstofa þátt en við stefnum að því að ná enn fleiri til liðs við okkur núna. Boðið verður upp á morgunkaffi og hádegismat en félagið verður með matarvagn á staðnum. [Hér](#) má nálgast nánari upplýsingar og skráningarform.

Áritanir á heimasíðu

Við minnum félagsmenn á fyrirmyndir að áritunum sem gefnar voru út haustið 2023 og má nálgast [hér](#). Félagið stefnir svo að því að gefa út fyrirmyndir að fleiri áritunum síðar á þessu ári.

Skattamál á Smartlandi

Á Smartlandi Mörtu Maríu á mbl.is er fjallað um fræga fólkið, tísku, hönnun, heilsu, samskipti og fleira en að sjálfsögðu einnig um skattamál. Okkar ágæti félagsmaður, Eymundur Sveinn Einarsson hjá Endurskoðun & ráðgjöf, sér um að svara spurningum lesenda um skattamál en stefnir að sögn ótrauður að því að fá að spreyta sig á öðrum viðfangsefnum Smartlands í framtíðinni og þá helst að fjalla um samkvæmislíf fræga fólksins.

Spurningarnar og svörin má nálgast [hér](#).

Skattadagur FLE

Árlegur skattadagur FLE var haldinn í síðustu viku. Hann var vel sóttur en alls voru það rétt rúmlega tvö hundruð manns sem mættu á Grand hótél eða voru í streymi. Streymið verður aðgengilegt næstu vikurnar og geta þeir sem ekki komust en vilja kaupa aðgang sent póst á fle@fle.is og fá þá sendan streymishlekk. Glærur fyrirlesara frá skattadeginum má nálgast [hér](#).

Teams námskeið

Síðastliðið haust hófum við að bjóða upp á styttri námskeið á Teams. Þau hafa mælst vel fyrir og þátttaka verið góð. Námskeiðin eru tekin upp nema annað sé tekið fram sem hefur þann kost að hægt er að skrá sig á námskeið og horfa síðar enda er fólk ekki alltaf laust þegar námskeið er haldið. Félagsmenn sem ekki skráðu sig á námskeið en hafa áhuga á að kaupa aðgang að þeim (upptökum) geta sent línu á fle@fle.is. Þau Teams-námskeið sem haldin hafa verið síðustu mánuði eru eftirfarandi.

Glærur af Teams-námskeiðum:

[Erfðafjármál](#) – 17. okt. 2024

[Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár](#) – 14. nóv. 2024

[Fjarvinna milli landa](#) – 3. des. 2024

[Lánshæfismat fyrirtækja](#) – 19. des. 2024

Viðburðir fram undan

[Tiltektar- og viðhaldsdagur í Reykjadal](#) – 15. maí

[Ferð til Tarragona](#) – 10. til 13. október

Félagið er svo að vinna að skipulagningu fleiri viðburða svo sem Teams námskeiða sem verða auglýstir þegar þar að kemur.

Greinar á heimasíðu

Við hvetjum sem fyrr félagsmenn til að skrifa greinar sem við getum birt á heimasíðu FLE og deilt á samfélagsmiðlum. Frá því síðasta fréttabréf var gefið út höfum við birt þrjár áhugaverðar og góðar greinar; grein um 20 ára afmæli Félags kvenna í endurskoðun eftir Sif Einarsdóttur og Margreti Flóvenz, grein Eiríks Kristóferssonar og Jóhanns Andra Kristjánssonar um birgðatalningar og endurskoðun og grein Valgerðar Kristjánsdóttur um endurskoðun sjálfbærniupplýsinga.

[20 ára afmæli – Félag kvenna í endurskoðun \(FKE\)](#)

[Birgðatalningar og endurskoðun](#)

[Endurskoðun sjálfbærniupplýsinga](#)

Nýlegir viðburðir

[Skattadagur](#) – 17. janúar 2025. [Glærur](#) af skattadegi.

[Jólaball FLE](#) – 14. desember 2024.

FLE fréttir, 22. janúar 2025

Bls. 5

[Haustráðstefna FLE](#) – 8. nóvember 2024. [Glærur](#) af haustráðstefnu.

[Aðalfundur FLE](#) – 8. nóvember 2024:

[Glærur frá aðalfundi og önnur fundargögn](#)

[Ársskýrsla](#)

[Uppfærðar samþykktir FLE](#)

Nýlegar fréttir á heimasíðu

[Útvarpsviðtal í Samfélaginu á RÚV](#)

[Valdimar hlýtur rannsóknarverðlaun Háskólans í Reykjavík](#)

[Nýir löggiltir endurskoðendur 2024](#)

[Ráðstefna framkvæmdastjórnar ESB um ESRS sjálfbærniáætlana](#)

[Áhersluatriði í eftirliti ársreikningaskrár vegna reikningsársins sem lýkur 31. desember 2024](#)

[Kynning á áhersluatriðum ársreikningaskrár og Verðbréfaeftirlits Evrópu](#)

[Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár, námskeið hjá FLE](#)

[Unga fólkið og endurskoðun](#)

[Eldri fréttabréf](#)

Eldri fréttabréf FLE er að finna [hér](#).